

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 279/2024

2025/EES/25/28

frá 6. desember 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/875 frá 21. mars 2024 um að samþykkja skrá yfir skammstafanir og skýringarmyndir, sem eru sameiginlegar fyrir allt Sambandið, sem nota skal á umbúðir dýrallyfja að því er varðar 2. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/878 frá 21. mars 2024 um að samþykkja samræmdar reglur um stærð lítilla innri umbúðaeininga dýrallyfja eins og um getur í 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 221 (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/905) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„22m. **32024 R 0875:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/875 frá 21. mars 2024 um að samþykkja skrá yfir skammstafanir og skýringarmyndir, sem eru sameiginlegar fyrir allt Sambandið, sem nota skal á umbúðir dýrallyfja að því er varðar 2. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 (Stjtið. ESB L, 2024/875, 22.3.2024).

22n. **32024 R 0878:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/878 frá 21. mars 2024 um að samþykkja samræmdar reglur um stærð lítilla innri umbúðaeininga dýrallyfja eins og um getur í 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 (Stjtið. ESB L, 2024/878, 22.3.2024).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/875 og (ESB) 2024/878, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/875, 22.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/875/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/878, 22.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/878/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

forseti